



## FUNDARGERÐ 481. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 6. júní 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:38. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ, og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** Ragnhildur Jónsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækir staðfund. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Málafni endurvinnslustöðvar í Kópavogi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu leitar að staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg í Kópavogi og fer aftur yfir niðurstöðu starfshópsins sem kynnt var á stjórnarfundum 11. apríl sl., og þau viðbrögð sem urðu við tillögu starfshópsins.

Umræður voru um málið í kjölfarið.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi: „Tillögunni var hafnað í bæjarráði Kópavogs og því ljóst að endurvinnslustöð verður ekki reist við Arnarnesveg eins og lagt var til í skýrslunni.

Stjórn kallar því eftir komið verði á fót nýjum starfshópi til að finna nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð til að taka við af Dalvegi hið fyrsta. Stjórn leggur til að hópurinn verði skipaður pólitískt kjörnum fulltrúa frá Garðabæ og Kópavogi, sem og fulltrúa SORPU, og starfi undir verkstjórn utanaðkomandi sérfróðs verkefnastjóra.“

#### 2. Breytingar á gjaldskrá í samræmi við vísitölubreytingar

Ragnhildur Jónsdóttir vísar af fundi klukkan 09:00.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir breytingum á gjaldskrá SORPU sem skulu taka gildi 1. júlí nk. í takt við vísitölubreytingar. Gjaldskrá SORPU hækkar öll um 5,83%.

Stjórn SORPU samþykkir gjaldskrárbreytinguna.



### 3. Eigendasamkomulag um áframhaldandi takmarkaða notkun á Álfsnesi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna um eigendasamkomulag um áframhaldandi takmarkaða notkun á urðunarstað í Álfsnesi.

### 4. Mögulegar leiðir í bættri endurvinnslu á Tetra Pak umbúðum – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu endurvinnslu á Tetra Pak umbúðum og þeirri staðreynd að ekki sé hægt að endurvinna þær í endurvinnsluferlum Smurfit Kappa, endurvinnsluaðila SORPU í Hollandi á pappír.

Stjórn SORPU þykir miður að ekki hafa fyrr legið fyrir upplýsingar um að ekki sé með neinu móti hægt að endurvinna Tetra Pak umbúðir í þeim endurvinnsluferlum sem pappír frá SORPU fer í hjá fyrirtækinu Smurfit Kappa í Hollandi.

Mikilvægt er að íbúar höfuðborgarsvæðisins geti treyst því að úrgangur fari í eins góðan farveg og í boði er hverju sinni og að upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja sé eins og best verður á kosið, til dæmis um hvað fari til endurvinnslu, hvað fari til endurnýtingar og muninum á þessum tveimur valkostum við meðhöndlun úrgangs.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að gera þær breytingar sem þörf er á hjá Stena Recycling, móttökuaðila SORPU í Svíþjóð, þannig að Tetra Pak umbúðir verði flokkaðar frá öðrum pappír og pappa frá SORPU og þeim komið í betri farveg en nú er.

### 5. Önnur mál

Guðfinnur vekur athygli á góðum árangri af þátttöku Góða hirðisins í Jazzhátíð Garðabæjar í nýliðnum mánuði. Kynning á starfsemi Góða hirðisins vakti mikla lukku og seldust um 85% þeirra muna sem boðnir voru til sölu á hátíðinni. Stefnt er að því að halda samstarfinu áfram að ári.

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður föstudaginn 16. júní 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:50.